



hreyfing - næring - gæði í samskiptum

Velkomin í Garðasel

Efnisyfirlit

Velkomin í Garðasel.....	3
Um Garðasel.....	4
Hlutverk starfsfólks leikskóla.....	4
Að byrja í leikskóla.....	5
Leikskólanám.....	6
Dagskipulag í Garðaseli.....	9
Ýmsar upplýsingar.....	11
Foreldrasamstarf.....	15
Lokaorð.....	16

Velkomin í Garðasel


Ágæta leikskólabarn og fjölskylda !

Velkomin í leikskólann Garðasel. Við erum ánægð að fá ykkur í hópinn okkar og vonum að ykkur eigi eftir að líða vel.

Það er að mörgu að hyggja þegar komið er inn á nýjan stað. Hver staður hefur sín séreinkenni þar sem ýmsar reglur og hefðir eru í gildi. Það vill því oft taka tíma að setja sig inn í það sem nauðsynlegt er að vita. Í þessum bæklingi eru hagnýtar upplýsingar sem gott að er að hafa en í skólanámskrá okkar er að finna allar helstu upplýsingar um starfið í Garðaseli.

Við hvetjum ykkur til að lesa bæklinginn yfir áður en þið komið í fyrstu heimsóknina til okkar en þá gefst tími til að ræða betur saman.

Við hlökkum til að sjá ykkur !



Leikskólastjóri : Ingunn Sveindóttir s: 433-1240 eða 433-1255
ingunn.sveinsdottir@gardasel.is gardasel@gardasel.is

Aðstoðarleikskólastjóri : Ragnheiður Dagný Ragnarsdóttir s: 433-1256
ragnheiður.ragnarsdottir@gardasel.is

sérkennslustjóri s: 433-1257
Freyja Hrönn Sveinbjörnsdóttir
freyja.sveinbjornsdottir@gardasel.is

Heilsuleikskólinn Garðasel
Asparskógum 25
300 Akranes
Sími : 433-1240
Netfang: gardasel@gardasel.is
Heimasíða: www.gardasel.is

Símanúmer skólans	433-1240
Skólastjóri	433 -1255
Aðstoðarskólastjóri	433-1256
Sérkennslustjóri	433 -1257

Lón	856-0272	433 -1243
Lind	833-9362	433 -1244
Holt	856-0272	433 -1245
Hóll	845-5625	433-1244
Vök	856-0270	433-1245
Vogur	611-3070	433-1246
Vík	856-0271	

Um Garðasel

Leikskólinn Garðasel tók til starfa 1. september 1991. Skólinn verður sex deilda í mars 2023 og er fluttur í nýjan glæsilegan skóla. Nú er skólinn með sjö deildir og flestar aldurskiptar. Stundum eru tveir árgangar saman á deild en oftast aðeins einn árgangur. Fer það allt eftir stærð árganga og inntöku barna í skólann.

Þann 10. júní 2004 veitti Landlæknisembættið leikskólanum formlega viðurkenningu fyrir heilsueflingu í skólanum eftir að innra starf skólans var metið. Frá þeim degi varð Garðasel þriðji heilsuleikskólinn á landinu og hefur síðan starfað eftir heilsustefnu Unnar Stefánsdóttur og starfar innan Samtaka heilsuleikskóla.

Heilsustefnan leggur áherslu á:

- **hreyfingu, holla næringu og listsköpun**
- **gæði í samskiptum (Uppeldi til ábyrgðar)**

Hlutverk starfsfólks leikskóla

Leikskólastjóri er yfirmaður leikskóla og ber ábyrgð á uppeldisstarfinu og rekstri leikskólans. Næsti yfirmaður leikskólastjóra er Dagný Hauksdóttir, sviðstjóri Skóla – og frístundasviðs.

Aðstoðarleikskólastjóri er staðgengill leikskólastjóra að honum fjarverandi og er honum til ráðuneytis um tilhögun starfs og rekstur innan leikskólans.

Deildarstjóri ber ábyrgð á starfi og skipulagi á deild og á barnahópnum sem þar er hverju sinni. Hann ber einnig ábyrgð á foreldrasamstarfi á deildinni.

Sérkennslustjóri hefur yfirumsjón með sérkennslu og sérstuðningi í leikskólanum og veitir starfsfólki deilda ráðgjöf. Hann sér um að skipuleggja fundi og situr þá auk þess að sjá um tengsl við fjölskyldustofu um þá mál er varða sérkennslu eða sérstuðning. Foreldrar geta leitað til sérkennslustjóra vegna barna sinna.

Leikskólakennarar og leiðbeinendur vinna í samstarfi við deildarstjóra að uppeldisstarfi á deildum.

Matráðar í eldhúsi sjá um matarundirbúning, gerð matseðla og innkaup á matvöru fyrir leikskólann.

Sérfræðiteymi leikskólans er s.s. sálfræðingur, talmeinafræðingur og sjúkráþjálfari.

Að byrja í leikskóla

Að byrja í leikskóla er stórt en jafnframt mikilvægt skref í lífi barns. Mikilvægt er að góð samvinna takist strax milli foreldra og starfsfólks leikskólans. Þegar barnið byrjar er nauðsynlegt að það fái góðan tíma til að aðlagast og venjast leikskólanum, starfsfólkinu og nýjum síðum. Það skiptir miklu máli að barnið fái jákvæð mynd af leikskólanum og finni fyrir öryggi sem góð samskipti foreldra og starfsfólks leiða af sér.

Aðlögunin

Á meðan foreldrar eru með börnunum sínum í leikskólanum er mikilvægt að foreldrar taki virkan þátt í því sem verið er að gera. Aðlögunin byggist ekki bara á að venja barnið við að vera skilið eftir í leikskólanum, heldur er það að læra að vera í nýjum aðstæðum með foreldrum og að þeir yfirfæri eigin öryggiskennd og forvitni í þessum nýju aðstæðum á börnin sín.

Öruggir foreldrar = örugg börn.

Aðlögunin byggir á styttri viðveru fyrstu vikuna og að foreldrar eru með börnum sínum hluta úr degi. Tímaramminn fyrir aðlögunina sem einungis er til viðmiðunar en mikilvægt að taka mið af þörfum hvers barns. Sum börn þurfa lengri aðlögun en er sett upp í upphafi.


Skipulag aðlögunar / **annað foreldrið** fylgir barninu :

- Dagur 1: Heimsókn í leikskólann **frá kl: 9.00- 11.00**. Foreldri er með allan tímann.
- Dagur 2: Heimsókn í leikskólann **kl: 8.00-11.00** – foreldri kemur inn á deild með barninu, fylgir því og aðstoða í morgunmat, leik, samverustund, ávaxtastund og útiveru ef farið er út.
- Dagur 3: Mætt í leikskólann um **kl: 8.00** – foreldri kemur með barninu, eru með í morgunmat, leik, samverustund og ávaxtastund. Ef farið er út klæðir foreldri barnið sitt í útiveru og eru með því úti í einhvern tíma og kveður þar. Sækja barnið eftir svefn – hringt verður í foreldra þegar barnið vaknar eða ef barnið sofnar ekki.
- Dagur 4: Er eins og dagur 3. Mætt í leikskólann um **kl: 8.00** – foreldri kemur með barninu, eru með í morgunmat, leik, samverustund og ávaxtastund. Ef farið er út klæðir foreldri barnið sitt í útiveru og eru með því úti í einhvern tíma og kveður þar. Sækja barnið eftir svefn – hringt verður í foreldra þegar barnið vaknar eða ef barnið sofnar ekki.
- Dagur 5: Mætt í leikskólann um **kl: 8.00** - foreldri kemur með barninu, eru með í morgunmat, leik, samverustund og ávaxtastund. Foreldrar kanna hvort barnið er orðið öruggt og prófa að kveðja það á deild – ef ekki, þá klæða foreldrar barn sitt og eru með í smástund í útiveru og kveðja það þar. Barnið er sótt eftir að það hefur fengið nónhressingu um kl. 14:30.

Foreldrar sinna börnum sínum, skipta á þeim, gefa þeim að borða, leika með þeim og eru til staðar. Foreldrar eru inni á deild með börnum sínum frá mætingu og þar til farið er í útiveruna. **Einungis annað foreldri er á staðnum í einu en foreldrar mega skipta með sér dögum eða dagshlutum.**

Kennarar deilda eru virkir þátttakendur í aðlöguninni og leggja sig fram um að kynnast börnunum, skipuleggja viðfangsefni og daginn.

Í upphafi leikskólagöngu er gerður samningur um dvalartíma barnsins í leikskólanum. Mikilvægt er að foreldrar virði þann vistunartíma sem samið er um. Óski foreldrar eftir að breyta vistunarsamningi sækja þeir um það inn í skráningarkerfi Völu.



Leikskólanám

Leikskólastarf byggir á lögum um leikskóla frá júní 2008 og Aðalnámskrá leikskóla frá febrúar 2011. Aðalnámskrá leikskólans var endurskoðuð 2023 og farið var betur í að skýra hlutverk leikskólans sem námsleiðar og auka virkni og þátttöku barna. Leikskóli er fyrsta skólastigið og er samkvæmt lögum uppeldis- og menntastofnun, skóli þar sem börnin læra og þroskast í leik.

Sex grunnþættir menntunar eru í aðalnámskrá og eiga þeir við um leik-, grunn- og framhaldsskóla.

Grunnþættir menntunar eru :	Námssvið leikskólans eru:
<ul style="list-style-type: none">■ læsi■ sjálfbærni■ heilbrigði og velferð■ lýðræði og mannréttindi■ jafnrétti■ sköpun	<ul style="list-style-type: none">■ læsi og samskipti■ heilbrigði og vellíðan■ sjálfbærni og vísindi■ sköpun og menning

Grunnþættir menntunar tengjast innbyrðis, eru samtvinnaðir og fléttast inn í allt skólastarf en hafa hver sín einkenni. Þeir eiga að birtast í skólastarfi í skólabrag, gildum og viðhorfum. Námssviðin eiga að vera samþætt og samofin í leikskólastarfinu

Samþætt og skapandi leikskólastarf

Leikskólastarfið er skapandi og samþætt nám, þar sem börnin uppgötva og læra af öllu sem þau taka sér fyrir hendur, úti og inni, í skipulögðu markvissu starfi, frjálsum leik eða athöfnum daglegs lífs. Börnin læra í samvinnu við önnur börn og fá til þess stuðning og hvatningu frá hinum fullorðnu.

Nám í leikskóla

Nám í leikskóla byggir á þeirri hugmyndafræði að börn læra best í gegnum leikinn, að leikurinn í allri sinni fjölbreytni sé kjarninn í leikskólastarfinu.

Nám í samskiptum byggir á þeirri sýn að hæfni til samskipta sé grundvöllur þess að lifa, starfa og leika sér með öðrum í sátt og samlyndi.

Nám í skapandi starfi og skapandi hugsun byggir á þeirri sýn að skynja, skapa og skilja sé hæfni sem börn verði að þróa með sér og leikskólastarfið á að stuðla að því að vekja forvitni þeirra, efla frumkvæði, virkni, áhuga og gleði þeirra.

Nám í daglegu lífi byggir á þeirri sýn að leikskólanám er samþætt nám þar sem barnið er að læra allan tímann við mismunandi aðstæður

Skólanámskrá Garðasels má finna á heimasíðu skólans en þar er gerð grein fyrir skólastarfinu í heild sinni.

Deildarnámskrár eru gerðar fyrir hverja deild og endurskoðaðar á ári hverju. Deildarstjórar senda deildarnámskrár heim til foreldra.

Sérstakar áherslur í starfi Garðasels

Leikskólinn Garðasel starfar samkvæmt lögum um leikskóla og aðalnámskrá leikskóla. Til að ná þeim markmiðum sem sett eru hafa verið valdar ákveðnar leiðir sem umgjörð utan um starfið. Á hverjum degi fær frjálts og skipulagður leikur að njóta sín. Garðasel er Heilsuleikskóli og starfar eftir viðmiðum Heilsustefnunnar.


Hreyfing

Hreyfing er mikilvægur þáttur Heilsustefnunnar. Yfir veturinn fara öll börn í skipulagða hreyfistund einu sinni í viku. Deildirnar nýta sitt heimasvæði, opna á milli deilda eða fara í salinn en elsta deildin fer í íþróttahúsinu að Jaðarsbökkum. Leikskólakennarar skipuleggja hreyfistundir sem byggja á upphitun, stöðvavinnu og slökun. Einnig er dans, gönguferðir, útikennsla og leikir hluti af reglulegri hreyfingu barnanna. Börnin læra að skokka sér til ánægju og tvö skemmtiskokk eru á skólaárinu fyrir eldri árgangana en yngri börnin æfa sig í gönguferðum. Íþróttadagar eru í júní þar sem fjölbreytt dagskrá og viðfangsefni eru í öndvegi.



Næring

Næring er undirstaða þess að börnunum líði vel. Við gerð matseðla er horft til þess að í boði sé hollur og næringarríkur matur með áherslu á fjölbreytni og lágmarkun á sykri, salti og matur er sem mest unninn frá grunni. Vatn er ávalt aðgengilegt fyrir börnin inn á deildum. Lögð er áhersla á að öll börn séu með eigin vatnsbrúsa. Ávexti og grænmeti fá börnin á hverjum degi.



Listsköpun



Listsköpun er tjáningarmiðill sem getur stuðlað að gleði og vellíðan. Á deildum er unnið með fjölbreyttan efnivið með börnunum. Þau æfa sig á gripi um skriffæri og kynnast fjölbreyttum litum, skærum, lími, leir og fjölbreyttum efnivið til listsköpunar.

Heilsubók barnsins


Eitt af því sem einkennir Heilsuleikskólana er sérstök skráningarbók sem heldur utan um þroska, færni og heilsufar barnanna. Heilsubókin inniheldur skráningarblöð sem varða upplýsingar um barnið s.s. heilsufar, hæð og þyngd, daglegar venjur, félagslega færni og hreyfigetu. Skráð er í bókina með leyfi foreldra tvisvar á ári, haust og vor. Skráningarnar eru rafrænar og foreldrum geta fylgst með skráningunni. Heilsubókin er eign barnsins í lok leikskólagöngu þess.



Lífið er leikur - Uppeldi til ábyrgðar og Vináttuverkefni

Í Garðaseli er lögð áhersla á gæði í samskiptum og að bæði börn og starfsfólk tileinki sér ákveðin lífsgildi sem leggja grunn að vellíðan einstaklingsins í samskiptum við aðra .

Uppeldi til ábyrgðar er uppeldis- og samskiptastefna sem miðar að því að efla innri hvata barna til að verða góðir og gefandi einstaklingar, sem lifa í sátt við annað fólk og umhverfi sitt. Viðurkennt er allir geta gert mistök og tækifæri til að leiðrétta þau eftir bestu getu. Uppeldi til ábyrgðar byggir á þeirri trú að allir hafi fimm grunnþarfir, missterkar, sem þeir þurfa að uppfylla. Þær eru; **öruggi, frelsi, umhyggja, gleði og áhrif**. Lítil börn þurfa að læra að uppfylla þarfir sínar á jákvæðan hátt án þess að ganga á rétt annarra.



Vináttuverkefnið

Barnaheill hefur gefið út forvarnarverkefni gegn einelti í leikskóla sem Garðasel notar.



Verkefnið byggir á fjórum grunnildum; **umburðarlyndi, virðingu, hugrekki og umhyggju**. Í verkefninu er lögð áhersla á að efla styrkleika hvers barns og vinna með barnahópinn í heild og horft til samskipta, vináttu og vellíðunar.

Vináttan á því að stuðla að almennri hæfni barna til að takast á við áskoranir daglegs lífs og í samskiptum við aðra.

Með yngstu börnunum er lögð áhersla á að kenna þeim fyrstu samskiptin og leggja grunn að því að þau séu góð hvert við annað. Einnig að þau „ noti orðin sín „ og segi hvað þau vilja.

Dagskipulag í Garðaseli

Leikskólinn fylgir ákveðnu dagskipulagi sem rammur daginn inn og skapar festu um leikskólastarfið. Dagskipulagið er sett upp á sjónrænan hátt þannig að börnin eigi auðveldara með að átta sig á hvað deginum líður og það veitir þeim öryggi.

Dagskipulagið er misjafnt eftir deildum og tekur mið af aldri barnanna og þörf þeirra fyrir svefn. Dagskipulagið er í grófum dráttum eftirfarandi:



7.30	Leikskólinn, ein deild í kjarna– hinar deildir opna 7.45
8.00 - 9.00	Morgunmatur /valstundir
9.00 - 10:00	Hópastarf/leikur eða útivera
10:00	Ávaxtastund
10:00-11:00	Hópastarf/eikur eða útivera
11:00 – 11:30	Samvera, söngur og spjall
11:30-12:00	Hádegismatur
12:00 – 13:00	Svefn, hvíld eða lestur
13:00-14:30	Leikur
14:30-15:00	Kaffitími
15:00-16:30	Lestur og leikur, leikskólinn lokar 16:30

Þrjár deildir leikskólans opna klukkan 7.30, ein í suðurálmú, ein á neðri hæð í norðurálmú og ein á efri hæðinni. Hinar deildirnar opna klukkan 7.45. Þau börn sem kaupa tíma frá 7.30 mæta inn á þær deildir sem opna fyrr en fara síðan yfir á sína deild um klukkan 7.45. Leikskólinn lokar kl: 16.30 og þá eiga síðustu börn að vera farin heim. Foreldrar eru minntir á mikilvægi þess að virða umsaminn dvalartíma barna sinna. Þurfi foreldrar stöku sínum að fá að hliðra þeim tíma til er þeim bent á að ræða það við deildarstjórnann en leikskólinn leggur áherslu á að koma til móts við þarfir foreldra eins og kostur er hverju sinni og aðstoða þegar þarf.

Hópastarf

Hópastarf er alla daga vikunnar fyrir hádegi. Börnunum er skipt upp í hópa og hefur hver hópur sinn umsjónarkennara. Verkefni í hópastarfi taka mið af aldri og þroska barnanna. Í hópastarfi er unnið skipulega með námssviðin og margt í boði s.s. myndlist, tónlist, lestur, hreyfing, leikir, útivera og vettvangsferðir. Gerðar eru námsáætlanir árganga fyrir hvern mánuð með helstu verkefnum og áherslum og má nálgast þær á heimasíðu skólans.

Valstundir

Valstundir ramma inn frjálsa leikinn þar sem börnin geta valið sér valsvæði og viðfangsefni eftir áhuga og rými. Á yngstu deildunum er ekki hefðbundið val þar sem þroski flestra þeirra er ekki kominn á þann stað að geta skilið valkerfið en börnin hafa aðgang að fjölbreyttu leikefni til þess að leika með.

Hvíld og samvera

Að fá tíma til að hvíla sig er undirstaða þess að barninu líði vel allan daginn. Algengt er að þegar börn byrja í leikskóla aukist þörf þeirra fyrri svefn og hvíld þar sem dagurinn getur verið erilsamur. Mikilvægt er að þau fái að sofa þann tíma sem þau þurfa en örpreytt börn eru oft erfið að fara að sofa á kvöldin. Yngstu börnin sofa en þau eldri eiga rólega stund, hlusta á sögur eða tónlist, fara í málrækt og fá sinn hvíldartíma án svefns.

Fatnaður barna

Það að barn læri að klæða sig úr og í er liður í námi barnsins í leikskólanum. Því er mikilvægt að börn klæðist að jafnaði þægilegum fötum sem gefur þeim kost á að æfa sig í að gera sjálf. Leikskólinn er vinnustaður barnanna og því nauðsynlegt að þau séu fatnaði sem gerir þeim kleift að taka þátt í öllu starfi leikskólans hvort sem það er hreyfing, málningarvinna eða útivera og séu ekki svo finnum fötum að þau þoli ekki venjulegt leikskólastarf.

Útivera

Útivera er mikilvægur þáttur í leikskólastarfinu, jafnt sumar sem vetur og er hún ein af aðaláhersluþáttum Heilsustefnunnar. Þar sem íslenskt veðurfar getur verið rýsjótt er lögð áhersla á að börnin kynnist veðráttunni eins og hún er og klæði sig eftir veðri. Farið er að



lágmarki út einu sinni á dag, stundum oftar ef veður leyfir. Yngri börnin eru þó oftar inni þegar slæmt er veður.

Útivera er holl öllum heilbrigðum börnum og ýmislegt sem bendir til þess að börn sem eru meira inni séu kulsælli og viðkvæmari en þau börn sem eru vön útivist. Útiveran eflir ónæmiskerfið og gerir börnin sterkari, lífsglaðari og eykur seiglu.

Vettvangsferðir

Hluti af útiverunni eru vettvangsferðir sem auka viðsýni barnanna og koma þeim í tengslum við umhverfi sitt og menningu. Börnin í leikskólanum fara í ýmsar skemmri og lengri vettvangsferðir því margt er að skoða í bænum okkar, s.s. aðrir skólar, safnasvæðið, skógræktin, Langisandur, Kalmannsvík, Breiðin og margt fleira. Í ferðirnar er farið gangandi, í kerrum, í hjólavagni og með strætó.



Afmælisdagur barnsins



Afmælisdagur barnsins er stór dagur í lífi þess. Í leikskólanum er ýmsar hefðir til að þessi dagur verði barninu sem eftirminnilegastur.

Barnið gerir sér kórónu, afmælisöngurinn er sunginn og íslenski fáninn er á deild barnsins þennan dag. Afmælisbarnið er miðdepill dagsins á deildinni og fær sérstaka diskamottur, matardiska, áhöld og glös sem tilheyrja afmælishaldi skólans.

Boðsmiðum í afmæli barnanna heima er ekki dreift í leikskólanum. Foreldrar geta fengið upplýsingar um heimilisföng hóps ef bjóða á í afmæli. Mælst er til að þegar boðið er í afmæli

að bjóða þá heilum hópum t.d. allri deildinni, bara strákunum, bara stelpunum. Þannig komum við í veg fyrir að börn upplifi að þau séu skilin útundan.

Afmæli leikskólans

Haldið er upp á afmæli leikskólans ár hvert en það er 1. september. Beri þann dag upp á helgi eru næstu dagar fyrir eða eftir nýttir til hátíðarhalda en þá er hefð fyrir því að hafa búninga- eða náttfatadag.

Heimasíða

Heimasíða leikskólans er upplýsingamiðill um leikskólastarfið og eykur upplýsingaflæðið til foreldra til muna. Á heimasíðunni er að finna almennar upplýsingar um starf leikskólans. Myndir eru settar inn af viðburðum og úr starfi deilda. Hver deild hefur eigin síðu sem byggir á fréttasíðu, myndasíðu og undirsíðum fyrir hverja deild. Matseðlar og dagatöl eru sett inn fyrir hvern mánuð. Foreldrar eru hvattir til að heimsækja síðuna reglulega og fylgjast þannig með starfi leikskólans.

Gestabók þar sem hægt er að senda leikskólanum kveðju er á forsíðu síðunnar.

Veffang heimasíðunnar er <https://www.gardasel.is/is>


Ýmsar upplýsingar

Vala

Þegar sótt er um vistun fyrir barn í leikskóla er það gert í gegnum **Völu** sem er skráningarkerfi sem heldur utan um biðlista, vistunartíma og innheimtu leikskólagjalda svo eitthvað sé nefnt. Starfsfólk og leikskólinn sendir upplýsingar og skilaboð til foreldra í gegnum þetta kerfi auk þess sem starfsfólk skráir svefntíma og matarlist yngstu barnanna.

Mikilvægt er að foreldrar yfirfari þær upplýsingar sem hafa verið skráðar inn í Völu og skoði t.d. sérstaklega hvort rétt netföng og símanúmer hafa verið skráð. Þegar barnið byrjar í leikskólanum mælum við með að foreldrar sækji sér Völusmáforritið í símann. Þá geta foreldrar fylgst betur með þeim skilaboðum sem send eru frá leikskólanum auk þess sem þeir geta skráð inn fjarvistir barna vegna veikinda eða fría.

Að koma og fara í leikskóla



Lögð er áhersla á að taka á móti hverju barni þannig að það finni sig velkomið í leikskólann og á sama hátt eru börnin kvödd í lok dags og þökkuð samveran.

Það er gott að mæta ekki of seint svo maður missi ekki af einhverju skemmtilegu og erfitt getur verið fyrir börn að koma þegar allir vinirnir eru byrjaðir í leik. Eftir klukkan 9 á morgnana fara börnin í hópastarf, útivist eða vettvangsferðir. Það hefur sýnt sig að þau börn sem mæta reglulega í leikskólann eru ánægð og örugg og líður þar af leiðandi vel. Ef barn er veikt eða í fríu eru foreldrar beðnir um að skrá

Það inn í **Völu**. Það auðveldra yfirsýn yfir barnahópin og auðveldara verður að skipuleggja mönnun á deildum með hliðsjón af hvað mörg börn eru mætt þann daginn.

Garðasel er stór skóli og mikilvægt er að foreldrar láta starfsfólk deilda barnsins vita þegar þeir koma með eða sækja barnið í leikskólann. Í útivist eru starfsmenn sem skrá börnin út í lituðum vestum (hver deild með sér lit á vesti) og þurfa þeir sem sækja barnið að láta starfsmann sem er á deild barnsins vita þegar barnið er sótt.

Koma og brottför barna er skráð í **Völu** og er það m.a. hluti af rýmingaráætlun skólans, þ.e.a.s. að vita hvaða börn eru mætt ef til rýmingar kemur.

Leikföng að heiman

Það veitir börnum oft ákveðna öryggiskennd að hafa með sér bangsa eða kúrudýr að heiman. Yngstu börnin hafa aðgang að þessum leikföngum og geyma í skúffunni sinni eða hafa hjá sér í hvíldinni.



Í Garðaseli er mikið af leikföngum og nóg handa öllum börnum. Því viljum við gjarnan að hefðbundin leikföngin séu geymd heima eða biði í bílnum eða kerrunni eftir börnunum í lok dags. Börnin mega gjarnan koma með bækur í leikskólann en það er þó á ábyrgð foreldra og leikskólinn getur ekki bætir ef þær skemmast.

Matseðlar

Matseðill er gerður fyrir einn mánuð í einu. Matseðla er hægt að nálgast í prenthæfu formi á heimasíðu skólans en þeir eru einnig hengdir upp í forstofum deilda eða birtast á upplýsingaskjám. Einnig er hægt að sjá matseðilinn inn í Völu.

Fréttabréf og dagatöl

Fréttabréf frá deildum eru gefin út mánaðarlega í máli og myndum og fá foreldrar þau send heim í tölvupósti en einnig er hægt að nálgast þau á heimasíðu skólans (deildir). Deildir setja fréttabréf upp í Sway sem er hluti af Office.365 og fá foreldrar aðgang að læstri netslóð þar sem hægt er að fá aðgang að fréttabréfinu með lykilorði. Hýsing þess er þá inn í Office.365. Skóladagatal leikskólans er einnig aðgengilegt á heimasíðu leikskólans.

Veikindi – fjarvistir barns



Ef barn kemur ekki í leikskólann vegna veikinda eða af öðrum ástæðum eru foreldrar vinsamlega beðnir að skrá fjarvist vegna veikinda inn í Völu. Það má gjarnan skrifa hvað ami að barninu svo starfsfólk geti skráð það inn í Heilsubókina en hún heldur einnig utan um heilsufarskráningu.

Innivera barns vegna veikinda er á ábyrgð foreldra og treystir leikskólinn þeim til að biðja einungis um inniveru fyrir barn af heilsufarsástæðum. Það er oft betra fyrir börnin að fara í stutta útiveru frekar en sleppa henni alveg.

Rétt er að taka fram að barn sem ekki má taka þátt í útivist af heilsufarsástæðum **fer ekki** í gönguferðir, í íþróttahús né aðrar þær uppákomur sem eru utan leikskólans þann dag sem innivera varir. Innivera barna er skráð og ef hún þykir of mikil eða of tíð, þá er rætt við foreldra

og málinu fundinn farvegur. Leikskólinn hvetur foreldra til að ræða reglulega við börn sín um hollustu útiveru og hversu mikið hún gerir fyrir vellíðan barnsins dag hvern.

Geti barn ekki sótt leikskóla vegna veikinda í fjórar vikur samfelld eða lengur geta foreldrar sótt um allt að 50 % afslátt af leikskólagjöldum. Afsláttur er veittur fyrir þann tíma er veikindi vara gegn framvísun læknisvottorðs sem staðfestir að barnið hafi ekki getað sótt leikskóla.

Sérfæði vegna ofnæmis eða óþols

Nokkuð er um að börn þurfi á sérfæði að halda vegna ofnæmis eða óþols og reynir leikskólinn að koma til móts við þær þarfir eins og kostur er. Beiðni um sérfæði vegna ofnæmis eða óþols þarf að fylgja vottorð frá sérfræðilækni nema um mjólkuróþol sé að ræða.

Upplýsingatafla deilda

Í forstofum deilda eru upplýsingar til foreldra. Þar er ýmist tússtafla eða upplýsingaskjór sem starfsfólk setur ýmsu skilaboð eða upplýsingar til foreldra.

Dvalargjöld

Dvalargjöld eru innheimt fyrirfram, einn mánuður í senn. Foreldrar geta valið hvort greitt sé með greiðslukorti eða í gegnum greiðsluþjónustu bankanna. Veittur er systkinaafsláttur ef fleira en eitt barn úr sömu fjölskyldu dvelja í leikskólanum, hjá dagmóður eða í skóladagvistum grunnskólanna.



[verklagsreglur-um-starfsemi-leikskola-2023.pdf \(akranes.is\)](https://www.akranes.is/verklagsreglur-um-starfsemi-leikskola-2023.pdf)

Einstæðir foreldrar og námsmenn geta sótt um lækkun gjalda gegn framvísun umbeðinna gagna og staðfestingar skóla og sýslumanns. Skila þarf nýju staðfestingavottorði fyrir einstæða í ágúst ár hvert. Námsmenn þurfa að skila inn vottorði fyrir hverja námsönn. Afsláttur til einstæðra foreldra á einungis við ef foreldri býr eitt og sér fjölskyldu sinni farboða. Ef breytingar verða á fjölskylduáðstæðum, sem hafa áhrif á lægra gjald, sækja foreldrar um breytingu inn í Völu og skila tilskyldum vottorðum sem við á.

Sé skuld foreldra þrjú mánuðir eða meira í gjöldum eiga þeir á hættu að leikskólalássi barnsins verði sagt upp eða semja við innheimtudeild bæjarins varðandi greiðslu skuldar.

Uppsagnarfrestur foreldra á leikskólalássi er einn mánuður og miðast við 1. hvers mánaðar. Ósk um breytingar á vistun skulu fara fram í Völu og þurfa að gerast fyrir 20. þess mánaðar sem breytingin á að taka gildi og gilda eigi skemur en þrjú mánuði.

Ef foreldrar óska eftir **vistun eftir klukkan 14 á föstudögum** þarf að skrá það sérstaklega.

Breytingar á högum

Foreldrar eru beðnir að tilkynna til leikskóla breytingar á högum sínum s.s. breytt heimilisfang, símanúmer eða breytta hjúskaparstöðu. Mikilvægt er að foreldrar láti deildarstjóra eða

leikskólastjóra vita um alvarleg veikindi eða önnur stærri áföll í fjölskyldu barnsins, sem geta haft áhrif á líðan barnsins.

Börn að sækja börn




Það eru tilmæli leikskóla Akraneskaupstaðar að börn undir tólf ára aldri sæki ekki börn í leikskólann. Sum þeirra ráða vel við það verkefni og önnur ekki og hefur leikskólinn í sumum tilfellum þurft að grípa inn í og aðstoða við að koma barni heim. Foreldrar eru beðnir að virða þessi tilmæli eins og kostur er og hafa samband við deildarstjóra ef bregða þarf út af þessum tilmælum. Einnig er mikilvægt að upplýsa starfsfólk deilda um ef einhverjir aðrir sæki börnin en foreldrarnir.

Börn fara ekki heim í lok dags með öðrum börnum og foreldrum þeirra nema leikskólanum hafi verið tilkynnt um það af hálfu viðkomandi foreldris. Best er að stilla slíkum samverum í hóf og að foreldrar skipuleggi þær heimsóknir ekki í leikskólanum heldur frekar þegar heim er komið. Í leikskólanum eru alltaf börn, sem sjaldan eða aldrei fá slík vinaboð og er erfitt fyrir þau að hlusta á aðra forelda skipuleggja heimsóknir barna eftir leikskóla.

Fatnaður

Nauðsynlegt er að hafa ýmis aukaföt í leikskólanum og til að geyma þau fær hvert barn sér kassa sem geymist fyrir ofan fatahólf barns. Misjafnt er á milli deilda hvað börnin þurfa og tekur mið af aldri barnanna. Það sem allir þurfa að hafa með sér eru nærbuxur, sokkar, ytri og innri buxur, bolur og peysa. Fyrir útvistina þarf hlífðarfatnaður að vera eftir veðri og skófatnaður einnig. Vettlingar og sokkar þurfa að vera með og gott er að hafa með sér aukapör ef hitt blotnar. Þykk peysa er nauðsynleg ef kalt er í veðri. Gott er að hafa innskó eða sokka með “gúmmí-stjörnum” til að vera í inni (ekki nauðsynlegt).



Foreldrar eru beðnir að aðstoða starfsfólk deilda með því að

- **merkja allan fatnað eins og kostur er með nafni barnsins (ómerktur fatnaður skilar sér ekki)**
- ganga frá fatahólfi barnsins í lok dags og setja skófatnað sem skilja á eftir á skógrind í hólfinu
- taka óhrein föt heim og þvo
- tæma öll fatahólf á föstudögum (fatnaður / skór)

Aukafatnaður barns geymist í sérstökum kassa og útifötin á snaga og / eða í hólfi barnsins.

Engar töskur eða stórir pokar í hólfum.

Óhöpp – slys

Leikskólinn er ábyrgur fyrir barninu þann tíma sem það dvelur í leikskólanum. Verði barn fyrir óhappi eða slysi leitast leikskólinn eftir því að ná í foreldra til að láta þá vita og gefa þeim kost á að meta aðstæður og fara með barn sitt á slyastofu ef með þarf. Náist ekki í foreldra fer starfsfólk leikskólans með barnið. Öll slík óhöpp eða slys eru tilkynnt foreldrum og skráð á sérstök eyðublöð í leikskólanum.

Ekki er rukkað fyrir fyrstu komu á slyshadeild en heimsóknin skráð á kennitölu barns og Tryggingarstofnun greiðir hana.

Lyf og lyfjagjöf



Í leikskólanum eru eingöngu gefin lyf samkvæmt fyrirmælum frá læknum þegar talið er mikilvægt að lyfjagjöf komi inn á dvalartíma barnsins í leikskólanum. Fúkkalyf, sem börn taka í stuttan tíma, á ekki að þurfa að gefa í leikskólanum. Æskilegt er að foreldrar hagi lyfjagjöf barna sinna þannig að leikskólinn beri ekki ábyrgð á henni nema eitthvað sérstakt komi til.

Leikskólinn lokaður

Fimm skipulagsdagar eru í leikskólanum á skólaárinu og þá daga er leikskólinn lokaður. Þessa daga nýtir starfsfólkið til skipulagningar, endurmats og undirbúnings starfsins. Dagsetningar koma fram í skólalagatali ár hvert og því auglýstar með góðum fyrirvara.

Sumarlokun leikskóla er 4 vikur og opnar aftur á þriðjudegi eftir Verslunarmannahelgi. Hvert barn skal fara í 4 vikna samfelld sumarfri en fari barn í 5 vikur samfelld er sá tími gjaldfrjáls.



Skráningardagar

Á skólaárinu eru 14 skráningardagar. Ef foreldrar taka frí fyrir börnin sín í 10 daga af þessum 14 þá falla niður leikskólajöldin í nóvember. Foreldrar geta einnig valið að taka færri en 10 daga af þessum skráningardögum og þá fellur gjaldið niður fyrir þann dag sem fríð er tekið. Ef börnin eiga að mæta í leikskólann þessa daga þurfa foreldrar að skrá það sérstaklega. Send verður út könnun til foreldra vaðandi skráningardagana og svara þarf henni fyrir 30. september.

Vaðandi skráningardagana eru þrjár leiðir í boði:

1. Hægt verður að velja 10 daga af þessum 14 og fá leikskólalgjald niðurfellt fyrir einn mánuð.
2. Hægt verður að velja færri en 10 staka daga og fá afslátt fyrir hvern dag fyrir sig (bara afsláttur fyrir daginn en ekki niðurfeldur einn mánuður)
3. Skrá barnið í vistun alla skráningardagana.

Sérfræðipjónusta

Málefni leikskóla heyra undir Fjölskyldustofu og hafa starfsmenn hennar yfirumsjón og eftirlit með faglegu starfi og rekstri leikskólans. Sálfræðingar frá Sálstofunni og Bergrós Ólafsdóttir talmeinafræðingur sinna leikskólanum eftir þörfum með ráðgjöf og greiningum.

Farsældarlögin hafa verið innleidd hjá Akraneskaupstað en þau eiga að tryggja börnum og fjölskyldum samræmda þjónustu þegar og ef þarf. Góðar upplýsingar um farsældarþjónustu barna er á síðu Akraneskaupstaðar [Farsæld barna á Akranesi | Akraneskaupstaður](#)

Foreldrasamstarf

Viðtalstímar

Föst foreldraviðtöl eru tvisvar á ári og eru þau skráð inn á skólalagatal sem er birt á heimasíðu skólans. Leikskólastjóri og deildarstjórar hafa ekki fastan viðtalstíma en foreldrar geta ávallt fengið viðtal ef þeir óska þess.

Góð samvinna foreldra og leikskóla er forsenda fyrir farsælli dvöl og líðan barnsins í leikskólanum. Samvinna sem byggir á gagnkvæmu trausti og jákvæðni. Leikskólinn hvetur foreldra til að taka þátt í því samstarfi sem er í boði hverju sinni en ýmsar hefðir eru í skólasterfinu þar sem foreldrum er boðið að taka þátt eftir því sem þeir / fjölskyldan getur .



Foreldraviðtöl

Á skólaárinu eru tvö foreldraviðtöl, annað í október- nóvember og það seinna í mars- apríl. Tilgangur foreldraviðtala er að veita gagnkvæmar upplýsingar um barnið, líðan þess og þroska þar sem m.a. er farið yfir þætti Heilsubókar. Foreldrar geta óskað eftir viðtölum þar fyrir utan telji þeir þörf á.

Foreldraráð

Í lögum um leikskóla frá júní 2008 er kveðið á um að í hverjum leikskóla skuli starfa foreldraráð og er það á ábyrgð leikskólustjóra að slíkt ráð starfi. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og fjölskylduráðs um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi, bæði af hálfu rekstraraðila og einnig leikskóla.



Að hausti er leitað eftir þremur fulltrúum úr foreldrahópnum til að starfa í foreldraráði.

Foreldrafélag

Í leikskólanum er starfandi foreldrafélag og í því eru 4-5 foreldrar, sem koma frá sem flestum deildum leikskólans. Félagið er góður vettvangur fyrir foreldra en starfsemi þess nær til skemmtilegra verka með og fyrir börnin, s.s. leiksýningar, sumargjöf, vorhátíð og ýmislegt annað. Foreldrafélagið eru með **ferða- og skemmtisjóð** og fyrir hvert barn er greidd eingreiðsla sem foreldrafélagið innheimtir í gegnum banka og upphæðin er ákveðin á fundi foreldrafélags að hausti og er gjaldið innheimt eftir áramót.

Markmiðið með starfi foreldraráðs og foreldrafélags er að leggja áherslu á samvinnu foreldra, leikskóla og starfsfólks en ekki síður samvinnu foreldra innbyrðis. Foreldrar eru og verða talsmenn barna sinna – enginn er betur til þess fallinn.

Lokaorð

Það er von leikskólans að þessi bæklingur hafi orðið til þess að auka innsýn ykkar foreldra í starfið í Garðaseli. Ef einhverjar spurningar vakna þá eru foreldrar hvattir til að leita sér frekari upplýsinga í leikskólanum.

Foreldrar eru ávallt velkomnir í leikskólann okkar.

Með von um gott og ánægjulegt samstarf !